

Bæjarráð - 3475 (19.10.2017) - Strandgata 30, byggingarleyfi

Málsnúmer : 1706355
Málsaðili : 220 Miðbær ehf.
Niðurstaða (stutt) : Sjá bókun
Fundardagur : 19.10.2017

Inngangur : Skipulags- og byggingaráð vísaði á fundi sínum 3.okt sl., 1.liður, eftirfarandi til bæjarráðs:

Tekið fyrir á ný erindi 220 Miðbæjar ehf um byggingu hótels á ofangreindri lóð með hliðsjón af bílastæðum. Á fundi skipulags- og byggingarráðs 8. ágúst s.l. var skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjanda um lausn á bílastæðamálum fyrir hótelið. Lagt fram minnisblað VSB dags. 22.09.2017 er varðar mat á kostnaði við byggingu bílakjallara.

Skipulags- og byggingarráð telur að bílastæðapörf á þessum stað þurfi að leysa og vísar því málinu hvað varðar bílastæðakjallara og kostnað vegna hans til bæjarráðs.

Niðurstaða : Bæjarráð fellst á að ekki verði gerð krafa um bílakjallara undir Strandgötu 30 en leggur áherslu á að við endurskoðun á miðbæjarskipulaginu verði athugaðir möguleikar á bílakjallara undir núverandi bílastæðum í bænum.